

Grunnskóli Reyðarfjarðar



Valgreinar Skólaárið vor 2026 Námslýsingar



Hugrökku ❤️ er ekkert ómögulegt



Val í 8. – 10. bekk

Kæri nemandi.

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir að nemendur á unglingastigi fái 37 kennslustundir á viku eða 1480 mínútur alls. Þær skiptast í 33 stundir í kjarnagreinum og 4 stundir í valgreinum. Markmiðið með vali er að gefa nemendum tækifæri til þess að velja viðfangsefni í tengslum við áhugasvið, styrkleika og framtíðaráform eftir því sem hægt er.

Nemendur velja sér nú valgreinar fyrir vorönn.

Í þessum bæklingi eru valgreinarnar kynntar og biðjum við ykkur um að lesa kynningarnar vel yfir. Valgreinar eru kenndar annars vegar á þriðjudögum og hinsvegar á fimmtudögum

Valgreinar kenndar á þriðjudögum frá kl. 13:25- 14:45

Eyrin- Katrín Jóhannsdóttir

Nemendur fá tækifæri til að læra á tækin og búnað sem er til staðar ásamt því að læra rétta tækni á lyftum eins og hnébeygjum, réttstöðulyftu og bekkpressu o.fl. Áhersla er lögð á líkamsvitund, rétta líkamsbeytingu, styrk, þol og liðleika. Umræða um heilsu, hreyfingu og holla lífshætti fléttast inn í æfingar.

Markmið

- Kynna ungmennum styrktarþjálfun/lyftingar í tækjasal.
- Auka líkamsvitund og efla sjálfstraust.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Fatahönnun- fatasaumur og upcycling. Hekla Maren Guðrúnardóttir Baldursdóttir

Nemendur læra grunninn í fatasaumi, notkunnar fatasniða og þjálfu saumtækni. Hér hafa nemendur einnig tækifæri á að hanna sín eigin föt, bæði frá grunni og með upcycling aðferðum. Nemendur öðlast þekkingu á hinum ýmsu textílefnum, kostum þeirra og göllum, og læra að ákvarða hvaða efni eru við hæfi hverrar flíkur fyrir sig. Í lok námskeiðs verður haldin tískusýning og lokahóf til að halda upp á árangur nemenda.

Markmið:

- nemendur kynnist fatasaumi frá grunni og nái góðum tókum á öllum stigum fatagerðar.
- Nemendur öðlist færni í máltöku og notkun sniða.
- Nemendur geti komið hugmyndum sínum skiljanlega frá sér með skissugerð og almennri hugmyndavinnu
- Nemendur geti tileinkað sér upcycling aðferðir og hvernig þau geta leitað sér efniviðar til slíkrar vinnu.

- Nemendur þekki helstu textílefni sem eru notuð við gerð fatnaðs, læra um kosti þeirra og galla og þjálfist í að ákveða hvaða efni henta hverri flík fyrir sig.
- Nemendur þjálfra saumataækni sína, t.d. við gerð hnappagata og vasa og ísetningu rennilása.
- Nemandi finni fyrir stolti yfir árangri sínum og afurðum, sem sjálfsöryggi til að sýna öðrum.

Japönsk menning- Greig Stock

Nemendur kynnast japanskri menningu á ýmsa vegu. Farið verður yfir grunnatriði í tungumálinu og í samskiptum. Kynnast japanskri sögu, menningu, matargerð og fjölmiðlum.

Markmið

- Aðalmarkmið valsins er að nemendur fái áhuga á Japan og japanskri menningu.

Leir- Thelma Magnúsdóttir

Nemendur læra að tileinka sér nokkrar aðferðir leirmótunar t.d. kúluaðferð, plötuaðferð og pulsuaðferð. Nemendur glerja hlutina. Lögð áhersla á hugmyndavinnu í öllum verkefnum.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Skólasel- Marzenna Bogumila Kowalska

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði. Hægt er að velja annað hvort þriðjudaga eða fimmtudaga.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir

Utanskólaval – Svava Magnúsdóttir

Nemendur eiga kost á að velja utanskólaval ef þeir stunda nám í tónlistarskóla með tónfræði, stunda nám í áföngum í framhaldsskóla eða stunda ýmiskonar félags- og/eða íþróttaiðkun eða þjálfun frá september og fram í desember. Ekki er hægt að velja utanskólaval fyrir nám/íþróttagrein sem stundað verður eftir áramótin.

Metið val fyrir 2 kennslustundir samsvarar tómstundastarfi 3-5 klst. á viku.

Valgreinar kenndar á fimmtudögum frá kl. 13:25- 14:45

Heimilisfræði- Særún Hlín Laufeyjardóttir

Heimilisfræðin á að auka sjálfstæði nemenda í heimilisstörfum og vera þjálfun í að vinna með öðrum. Nemendur læra að elda og baka eftir uppskriftum, einnig meðhöndlun matvæla og mikilvægi hreinlætis, ásamt því að læra næringar- og heilsufræði.

Markmið

- Að geta skipulagt og matreitt fjölbreyttar, hollar og vel samsettar máltíðir með hagkvæmni og nýtni að leiðarljósi.
- Að geta sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í samhengi við lýðræði og jafnrétti, hreinleika og eiginleika sem taldir eru bæta heilsu fólks og stuðla að sjálfbærri þróun.
- Að geta tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tekið ábyrgð á eigin heilsu.
- Að vita um mikilvægi hreinlætis og meðferð matvæla.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Franska- Hulda Guðnadóttir

Viltu læra tungumál ástarinnar? Þá er franska eitthvað fyrir þig!

Í náminu verður farið yfir grunnatriði franskrar tungu og menningar. Kennslan fer að mestu fram með einföldum samskiptum á milli nemenda og kennara með áherslu á framburðarkennslu. Nemendur læra að kynna sig og læra orðaforða sem tengist daglegu lífi. Orðaforðinn verður að miklu leyti kenndur á myndrænan hátt, með leikjum og spilum. Frönsk menning verður kynnt samhliða kennslunni í tungumálinu. Þar verður m.a. stuðst við tónlist og myndefni, t.d. tónlistarmyndbönd og sýnishorn úr kvikmyndum. Stefnt verður að því að nemendur fái að elda eða baka eitthvað franskt góðgæti lok námsins.

Markmið

- Aðalmarkmið námskeiðsins er að nemendur fái áhuga á frönsku og frönskum menningarheimi.

Námsmat

- Vinnusemi og áhugi í tímum liggur til grundvallar í námsmati.

Spilaval – Þórhildur Andrea Björnsdóttir

Í þessu vali ætlum við að kynnast allskonar spilum og spilareglum. Við lærum ýmis borðspil. Markmið tímans er m.a. að þjálfast í samskiptum, tjáningu og að fylgja reglum.

Markmið

Að nemandi fái þjálfun í:

- samskiptum
- samhyggð
- tjáningu
- þolinmæði
- stærðfræði
- rökhugsun
- að fylgja reglum.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Skólasel- Marzenna Bogumila Kowalska

Nemendur vinna undir stjórn starfsmanna Skólasels við ýmis störf sem til falla. Áhersla er lögð á virkni og frumkvæði. Hægt er að velja annað hvort þriðjudaga eða fimmtudaga.

Námsmat

Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Aðstoðarþjálfari- Eggert Gunnþór Jónsson

Nemendur velja sér dag til að mæta. Þeir geta valið á milli mánudaga, miðvikudaga eða föstudaga. Mikilvægt að merkja við þann dag sem hentar á valblaðið.

Nemendur taka þátt í starfi með þjálfara og sinna verkefnum við knattspyrnuþjálfun yngri barna undir stjórn hans. Áhersla er lögð á virkni, sjálfstæði og frumkvæði, auk þess að vera með góða hæfni í mannlegum samskiptum.

Námsmat

- Nemendur verða metnir samkvæmt hæfniviðmiðum eftir mætingu, áhuga, árangri og hegðun í kennslustundum, jafnt og þétt á meðan lotan stendur yfir.

Utanskólaval – Svava Magnúsdóttir

Nemendur eiga kost á að velja utanskólaval ef þeir stunda nám í tónlistarskóla með tónfræði, stunda nám í áföngum í framhaldsskóla eða stunda ýmiskonar félags- og/eða íþróttaiðkun eða þjálfun frá september og fram í desember. Ekki er hægt að velja utanskólaval fyrir nám/íþróttagrein sem stundað verður eftir áramótin.

Metið val fyrir 2 kennslustundir samsvarar tómstundastarfi 3-5 klst. á viku.